

Húnaþing vestra
Ólafur H. Stefánsson
Klapparstíg 4
530 Hvammstangi

Umhverfisstofnun
Áb. _____
30. nóv. 2011 10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. nóvember 2011
Tilvísun: UST20111100267/bs

Fyrirhugaðra skipulagsbreytingar á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 og nýrra deiliskipulagstillagna. Melstaður og Ósar. Umsögn

Vísað er til bréfs byggingarfulltrúa Húnaþings vestra dags. 29. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreindar breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagstillagna:

Melstaður: Hér er um að ræða færslu vegamóta Miðfjarðarveggar og Hringveggar 1 til norðurs og afmörkun lóðar um 1,5 ha að stærð undir þjónustumiðstöð Skeljungs norðan Miðfjarðarveggar, sunnan Hringveggar 1.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við færslu Miðfjarðarveggar. Stofnunin vill hins vegar benda á hvort starfsemi af því tagi sem ætlunin er að staðsetja á áður óbyggðu svæði í Miðfirði sé ekki betur komin í eða við þéttbýli á Laugabakka eða á Hvammstanga. Bent skal á að nú þegar eru á Hringvegi 1 milli Borgarness og Akureyrar 6 bensín- og veitingastaðir. Fjölgun slíkra staða á þessum hluta Hringveggarins gæti haft neikvæð áhrif á upplifun vegfarenda á landslag og nærumhverfi vegarins.

Ósar: Hér er um að ræða deiliskipulagstillögu þar sem gert er ráð fyrir byggingareit fyrir verslunar- og þjónustuhúsi að hámarki 390 m². Byggingareitur er staðsettur í túni. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllt

A. Birna Guttormsdóttir
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson